

Langhlaupanefnd FRÍ

Dagsetning: 11.maí 2026

Staðsetning: Google meet

Tímasetning: 16:10

Fundarmenn: Tonie, Gísli Vilberg, Inga Dís, Övar og Friðleifur sem skrifaði fundargerð.

1. Undirbúningur fyrir EM í utanvegahlaupum er í fullum gangi. Farið verður út 2.júní , keppt 6.júní og heim þann 7.júní. Allir í hópnum heilir og töluverð spenna fyrir þessu verkefni því íslenska liðið er virkilega sterkt.
2. Stjórn FRÍ fól langhlaupanefnd að skoða með lágmörk til þátttöku á HM í 100km götuhlaupum. Nefndin hefur skoðað bæði flokkun IAU og svo hvernig nágrannalönd okkar t.d. Danir standa að þessu. Tillaga nefndarinnar er að karlar þurfa að eiga amk 08:00 og konur amk 09:30 tíma til að geta keppt fyrir hönd Íslands á HM í 100km götuhlaupi. Sé tillagan samþykkt er óskað eftir því að þessi tímamörk séu færð inn í reglugerð varðandi landsliðsval í götuhlaupum.
3. Arnar Pétursson hefur óskað eftir því að taka þátt á HM í 100KM götuhlaupi sem fer fram á Spáni í sept 2026. Óskin kemur frá hlauparanum sjálfum og langhlaupanefnd bendir á að slíkt sé í samræmi við reglugerð um val í landslið og landsliðsverkefni. FRÍ á keppnisréttinn að HM í 100km götuhlaupi og getur því "útdeilt" honum. Langhlaupanefnd leggur til að beiði Arnars sé samþykkt. Gert er ráð fyrir að hann standi straum að ferðakostnaði sjálfur.
4. HM í hálfmaraþoni, 5KM og míluhlaupi verður haldið í Kaupmannahöfn 19-20 sept. FRÍ hyggst senda keppendur á þetta mót og þá sérstaklega til keppni í hálfmaraþoni. Skila þarf in preliminary entry 21.júlí og svo final entry 31.ágúst. Langhlaupanefnd skoðar í næstu vikum hvernig standa eigi að vali en ný viðmið fyrir val í t.d. hálfmaraþon eru:

## Lágmörk í götuhlaupum

Kyn	10 km	Hálfmaraþon	Maraþon
Konur	37:19	1:23:12	2:57:38
Karlar	30:57	1:08:20	2:25:02

Samkvæmt stigatöflu WA ættu þessi tímalágmörk að gefa jafn mörg WA stig:

<b>Men</b>	<b>HM</b>	<b>1:08:20</b>	<b>875</b>
<b>Women</b>	<b>HM</b>	<b>1:23:12</b>	<b>875</b>

Það eru fáir hlauparar sem uppfylla þessi tímaviðmið, sérstaklega hjá körlum ( einungis Hlynur í augnablikinu ) en nokkrir eru á 1:09. Um það bil 5 konur eru með betri tíma ( 2025/2026) í hálfmaraþoni en viðmiðið ( 1:23 ).

5. Heimsókn Tove Alexandersson. Það er mikið gleðiefni að heimsmeistarinn í utanvegahlaupum Tove Alexandersson kemur til Íslands og keppir amk í Dyrfjallahlaupinu í byrjun júlí og jafnvel í fleiri hlaupum. Tove þarf vart að kynna en hún er ótrúlega sigursæl í rathlaupum (margfaldur heimsmeistari) , utanvegahlaupum ( núverandi heimsmeistari ) og í “fjallaskíðakeppnum” / Skimo. Það skal tekið fram að Frjálsíþróttasamband Íslands hefur enga fjárhagslega aðkomu að komu Tove til landsins. Sambandið er hins vegar “federation-aðili” að ITRA og því eðlilegt að sambandið sé tengt við heimsóknina þegar heimsmeistari í keppnisgrein sem heyrir réttilega undir FRÍ kemur til landsins.
  
6. Afrekaskrá FRÍ. Mikil umræða um nýja afrekaskrá FRÍ. Ný afrekaskrá er í innleiðingu og gögn að færast í hana jafnt og þétt. Það eru nokkrir punktar sem langhlaupanefnd vill koma á framfæri varðandi nýja afrekaskrá. Þetta eru punktar og athugasemdir sem berast nefndinni frá hlaupasamfélaginu en það má hafa í huga að almennir hlauparar eru ekki að samsvara sig fyllilega með keppendum í frjálsum (á velli). Þá þarf líka að hafa í huga að góð afrekaskrá fyrir hlaupara er ein af undirstöðum fyrir “vottun götuhlaupa” sem FRÍ hefur lagt mikla vinnu í að koma á laggirnar á undanförunum árum.
  - ⇒ Langhlaupanefnd leggur til að gögn séu færð bæði í nýju og gömlu skránni á meðan sú nýja er í “mótun”.
  - ⇒ Jafnframt þarf að vera skýrt hver setur inn gögn , hver hefur ábyrgð á því á skrifstofu FRÍ.
  - ⇒ Aldursflokkar hlaupara , þetta er eitthvað sem hlaupasamfélagið hefur lagt mikið upp úr á síðustu árum. Ekki er með góðu móti hægt að finna þetta í nýju skránni.

Þá hafa nefndinni borist fleiri ábendingar sem verða svo sem ekki taldar upp hér. En nefndin tekur mikilvægt að fá fulla kynningu á hvernig skráin í raun virkar, þ.e. leitin o.s.frv. Í raun leggur langhlaupanefnd líka til að afrekaskráin sé “markaðsett” fyrir hlaupara. Það eru leiðbeiningar á heimasíðu FRÍ en e.t.v þarf að fara með þetta lengra þ.e. setja á miðla , gefa dæmi o.s.frv. Þetta á að vera það tæki sem dregur almennann hlaupara inn á vef FRÍ.
  
7. Búningaskylda í götuhlaupum. Langhlaupanefnd leggur til að hnykkt sé á orðalagi varðandi búningaskyldu á meistaramótum FRÍ í götuhlaupum. Sérstaklega í aldursflokkum. Langhlaupanefnd kemur með tillögu að nýju orðalagi sem færi þá inn í reglugerð um framkvæmd götuhlaupa. Sá texti yrði einnig notaður í kynningum hlaupahaldara á meistaramótum í götuhlaupum.

8. Fjölskylduhlaup TM er í fullum undirbúningi. Það verður haldið 7.júní í samstarfi FRÍ , TM og Sjómannadagsráðs. Stutt umræða um fjölda WC og almenn umræða hvernig haga beri salernismálum í stórum hlaupaviðburðum. E.t.v er komin tími á að setja einhver viðmið í því.
9. “Vottun” utanvegahlaupa. Nefndarmenn eru beðnir um að setja inn vinnupukta á sameiginlegt vinnuskjal svo að hægt sé að safna efni sem nýta má í einhvers konar leiðbeiningar og eða flokkun utanvegahlaupa á Íslandi. Það er stefna langhlaupanefndar FRÍ að koma með tillögu að slíkum leiðbeiningum/flokkun á utanvegahlaupum á árinu 2027.

Fleira ekki tekið fyrir.